

**Alþingi**  
*Erindi nr. P 138 / 2488*  
*komudagur 21.5.2010*



**LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

**Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd**  
Austurtræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2010  
*Mál nr. 1005014*

**Efni: Umsögn, tilfærsla aflaheimilda, 468. mál**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum.

Samtökin hafa ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að mismunun á milli aðila sem stunda fiskveiðar eins og svokallaðar strandveiðar, línuívilnun, byggðakvóti og fleira skuli aflögð. Sömu reglur eiga að gilda um alla aðila í sjávarútvegi.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að aflaheimildir sem nýttar eru til sérstakra ráðstafana séu reiknaðar hlutfallslega út frá heildarþorskígildagrunni, en ekki á grundvelli úthlutunar í þeim fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við.

Það er mat samtakanna að ráðherra eigi aðeins að hafa heimild til að ráðstafa aflaheimildum til mæta áföllum vegna aflabrests, sbr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 116/2006. Þegar aflabrestur verður í ákveðnum tegundum er eðlilegt að þeir sem eiga aflaheimildir leggi hlutfallslega til slíkra úrræða.

Á meðan að núverandi mismunun vegna strandveiða, línuívilnunar, byggðakvóta og annarra ráðstafana er enn til staðar, þá ber að taka af öllum hlutfallslega til þeirra ráðstafana.

Sú aðferð að skylda útgerðir til að kaupa aflaheimildir vegna mögulegra tilfærslna gengur hinsvegar ekki upp, sbr. 4. og 5. másl. 1. gr. frumvarpsins:

„Hafi skip ekki nægar heimildir í einhverri tegund til að mæta skerðingu samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til heimildar til breytinga milli tegunda skv. 1. mgr. 11. gr. og flutnings milli fiskveiðiára skv. 4. mgr. 11. gr., skal Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð tveggja mánaða frest til að flytja fullnægjandi veiðiheimildir á skipið.

Hafi það ekki verið gert innan þess frests fellur leyfi þess til veiða í atvinnuskyni niður tímabundið þar til úr hefur verið bætt.“

Það er ekki hægt að skylda aðila til að kaupa réttindi sem hann á ekki, hvað þá eftir mati ráðherra. Síðan er lagt til að aðilar fái tveggja mánaða frest til að flytja veiðiheimildir á skip og að með því móti hafi verið gætt meðalhófs. Eitt grundvallarskilyrði meðalhófsreglunnar er að sýnt sé fram á með rökum hvaða nauðsyn liggja á bakvið íþyngjandi kröfum um veiðileyfissviptingu, en engin rök er að finna um það í athugasemdum við frumvarpið.

Það á að vera ákvörðun hvernar útgerðar fyrir sig hvernig hún ráðstafar sínum aflaheimildum eða aflamarki. Þessi aðferð stenst ekki lögmætiskröfur stjórnarskrárinnar og við leggjumst því gegn þessari aðferð sem lögð er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Friðrik Friðriksson, hdl.